

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 351/2021

2024/EES/23/31

frá 10. desember 2021

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/583 frá 9. apríl 2021 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/1073 um jafngildi milli tilnefndra samningsmarkaða í Bandaríkjunum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 31bcaj (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1073) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32021 D 0583:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/583 frá 9. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 124, 12.4.2021, bls. 116).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2021/583, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 12.4.2021, bls. 116.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.